

ERLE1HM03

Búið til: Tue, 25 Feb 2025 10:47:53 GMT

Titill	Að brúa huga og menningu gegnum sögur
Skammstöfun	ERLE1HM03
Útgáfunúmer	3
Námsgrein	erlend samskipti
Viðfangsefni	Hugur og menning
Staða	Samþykkt af skóla
Þrep	1
Einingafjöldi	3
Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla	

Lýsing

Áfanginn er erlent samstarfsverkefni sem leggur áherslu á andlega vellíðan, tjáningu og gagnrýna hugsun nemenda í stafrænum heimi. Verkefnið tengir saman menningu, listir, útivist og skrif sem leið til að efla andlega vellíðan á skapandi og fjölbreyttan hátt.

Forkröfur

Engar formlegar forkröfur eru til þátttöku en áhugi á skapandi vinnu, samvinnu og menningartengdu starfi er æskilegur.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi andlegrar vellíðunar í námi og daglegu lífi
- hlutverki lista, menningar og skapandi tjáningar
- tjáningu og gagnrýnni hugsun í fjölmennningarlegu samhengi
- lausnum til að bæta andlega heilsu og vellíðan
- mismunandi menningarheimum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota ritun sem tjáningarform og verkfæri til að vinna með tilfinningar
- vinna á skapandi hátt með menningarlegar og listrænar aðferðir
- taka þátt í samvinnuverkefnum þvert á landamæri og menningarheima
- nýta náttúruna og útivist sem leið til að bæta andlega vellíðan
- ræða og rökstyðja mikilvægi andlegrar heilsu og gagnrýnnar hugsunar í samtímanum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- stuðla að eigin vellíðan og annarra á skapandi hátt
- tengja menningu, listir og sjálfstjáningu við geðheilbrigði
- taka virkan þátt í fjölmennningarlegri samvinnu og sýna skilning á ólíkum menningarlegum sjónarhornum
- sýna ábyrgð í eigin umgengni við menningararf og listræna sköpun
- taka þátt í nýsköpun sem leiðir til aukinnar vellíðanar í samfélaginu

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og því er mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd